

## Kirkjugripir

Sé lítið til hvers konar gripir komu til Forngripasafnsins í Reykjavík í árdaga þess þá ber mikið á kirkjugripum ýmiss konar auk jarðfundinna gripa, forngripa eins og frumkvöðlar okkar nefndu slíka hluti. Slíkir gripir féllu ekki undir söfnunarstefnu Nordiska museet. Nokkrir kirkjugripir leynast samt meðal þess sem fór Stokkhólms og eru þeir flestir komnir frá sr. Helga á Melum. Kemur það heim og saman við hans víðtæka, sbr. grein FHÓ. Þar er lítill altarissteinn, lítið trélikneski sem sýnir Lykla-Pétur<sup>1</sup>, gagnskornar fjalir, sem hafa verið innan í kirkju, líklegast hlutar í kórþili eða milligerð, þrír hurðarhringar og kirkjulykill. Ljósberi, lugt úr tré með glerrúðum, sem notuð var til að bera ljós úr bæ til kirkjunnar. Þá eru sálmabækur og grallarar meðal bókana frá Nordiska museet.

---

<sup>1</sup> Þóra Kristjánsdóttir. *Mynd á þili Íslenskir myndlistarmenn á 16. 17. og 18. öld.* Rv. 2005, bls. 43.